

Þeir skulu fá sér skipaða fulltrúa til að framkvæma störf varðandi embættin, **98**
eftir því sem nauðsyn krefur. 23. des.

11. gr.

Kostnaður við rekstur embætta þessara greiðist úr ríkissjóði. Allar aukatekjur, sem embættunum fylgja, skulu renna í ríkissjóð. Allt það fé, sem embættismenn þessir hafa undir höndum vegna embættis sins, skal ávaxta til hagnaðar eigendum þess.

12. gr.

Þar til laun yfirborgardómara, yfirborgarfégeta og yfirsakadómara hafa verið ákveðin í launalögum, taka þeir laun samkvæmt III. launaflokki laga nr. 92/1955 og borgardómarar, borgarfégetar og sakadómarar samkvæmt IV. launaflokki sömu laga.

13. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 65 16. desember 1943, um dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík, og 3. og 4. mgr. 4. gr. laga nr. 82 21. ágúst 1961, um meðferð opinberra mála.

14. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda 1. janúar 1962.

Gjört í Reykjavík, 23. desember 1961.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.

L Ö G

**um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa h/f Hval
innflutning á tveimur hvalveiðiskipum.**

99

28. des.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ráðherra skal heimilt að leyfa h/f Hval innflutning á tveimur hvalveiðiskipum, þótt eldri séu en 12 ára, sbr. 35. gr. laga nr. 50/1959.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 28. desember 1961.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.